

Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf.
Sjávargötu 6-12
260 Njarðvík

Reykjavík, 30. október 2018.

Efni: Bréf yðar til Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 17. október sl.

Hafnarfjarðarkaupstaður vísar til bréfs yðar, dags. 17. október sl., þar sem gerðar eru athugasemdir við bréf bæjarins, dags. 11. sama mánaðar. Í bréfinu er því haldið fram að þær framkvæmdir sem Hafnarfjarðarhöfn hyggst ráðast í séu sérsniðnar fyrir upptökuvagn fyrirtækisins Trefja ehf. sem geti einn haft not af aðstöðunni. Af þessum sökum verði þeir sem vilja nota aðstöðuna að kaupa eins upptökuvagn og í eigu fyrirtækisins. Í þessu sambandi er staðhæft að gerð upptökuvagnsins feli í sér „tæknilega hindrun“ fyrir þá sem vilja heldur nota skábrautarvagna og að varla sé hægt að ganga lengra í „ólöglegu inngripi“ á frjálsum markaði.

I.

Hafnarfjarðarkaupstaður er þessu algjörlega ósammála. Eins og gerð var grein fyrir í bréfi bæjarins til yðar, dags. 11. október sl., hefur Hafnarfjarðarhöfn lengi stefnt að því að bæta þá aðstöðu sem er í höfninni til að taka upp og setja niður skip og báta en í dag takmarkast hún við skábraut fyrir skábrautarvagna. Enda þótt slík aðstaða kunni að henta fyrir smærri báta er hún með öllu ófullnægjandi fyrir stærri skip og báta. Á undanförunum árum hefur krafan um bættu aðstöðu orðið háværi. Færanlegir upptökuvagnar fela í sér nýjustu tækni sem völ er á og tryggja góða meðferð skipa og báta. Hafnarfjarðarhöfn telur þess vegna að með því að bjóða aðstöðu fyrir færanlega upptökuvagna sé höfnin í fararbroddi í framþróun og muni samkeppnisstaða hafnarinnar batna til muna. Við gerð aðstöðunnar stórbatnar jafnframt aðstaða fyrir dráttarbáta en þeir hafa verið í lægi þar sem er mikil ókyrrð.

Að því er snertir þá staðhæfingu að aðstaðan sé sérsniðin fyrir upptökuvagn fyrirtækisins Trefja ehf. vísast til þess sem segir í fyrrgreindu bréfi bæjarins til yðar. Því til viðbótar skal tekið fram að frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir að aðstaðan yrði

af ákveðinni stærð því að öðrum kosti er ekki hægt að nýta hana fyrir stærri skip og báta. Þá tekur aðstaðan mið af því að á sama stað í höfninni verður aðstaða fyrir dráttarbáta. Það er því ekki unnt að fallast á að aðstaðan sé sérsniðin fyrir upptökuvagn fyrirtækisins.

Að því er snertir þá staðhæfingu að upptökuvagn fyrirtækisins Trefja ehf. geti einn haft not af aðstöðunni skal áréttað að öllum er heimilt að nota aðstöðuna. Er ekkert sem kemur í veg fyrir að aðstaðan sé notuð fyrir mismunandi gerðir upptökuvagna frá ólíkum framleiðendum. Þegar um nýja tækni er að ræða tekur hins vegar eins og ávallt tíma fyrir markaðsaðila að bregðast við. Við blasir að ástæða þess að í dag er ekki fyrir að fara fleiri slíkum upptökuvögnum er að ekki hefur verið til staðar aðstaða fyrir þá.

Að því er snertir þá staðhæfingu að gerð upptökuvagns fyrirtækisins Trefja ehf. feli í sér tæknilega hindrun fyrir þá sem vilja heldur nota skábrautarvagna er yður bent á að áfram er miðað við að sú skábraut sem nú er til staðar verði notuð.

II.

Í bréfi yðar er því jafnframt haldið fram að samningsstaða Hafnarfjarðarhafnar sé „mjög veik“ eftir að framkvæmdunum sé lokið og að höfnin sé að taka áhættu á að aðstaðan verði lítið sem ekkert notuð og að engar tekjur komi inn.

Hér er um að ræða misskilning af yðar hálfu. Hafnarfjarðarhöfn hyggst ekki semja um einkarétt á aðstöðunni til handa fyrirtækinu Trefjum ehf. heldur setja gjaldskrá fyrir notkunina þannig að allir hafi sama aðgang. Eins og áður hefur komið fram er það mat hafnarinnar að brýn þörf sé á að bæta fyrirbyggjandi aðstöðu og mun hin nýja aðstaða bæta til muna samkeppnisstöðu hafnarinnar. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að í dag neyðast eigendur stærri skipa og báta í höfninni til að nota færanlega krana með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn. Hefur höfnin engar tekjur vegna þessa. Að mati hafnarinnar er þess vegna engum blöðum um það að fletta að brýn þörf er á aðstöðunni og ekkert sem bendir til þess að tekjur muni ekki standa undir kostnaði.

III.

Í lok bréfs yðar er óskað eftir nánari upplýsingum um grundvöll þeirrar gjaldskrár sem fyrirhugað sé að setja vegna aðstöðunnar. Af þessu tilefni skal upplýst að áætlun hafnarinnar gerir ráð fyrir því að kostnaður við uppbyggingu, rekstur og viðhald muni nema um 38.000.000 kr. Áætlun hafnarinnar gerir ráð fyrir að tekjur af

aðstöðunni verði fullnægjandi til að standa undir framangreindum kostnaði. Er þar um varlega áætlun að ræða sem tekur ekki tillit til þess að fleiri en einn aðili hefur lýst yfir áhuga á að starfrækja færanlegan upptökuvagn á hafnarsvæðinu. Eru því líkur á að eftirspurn eftir aðstöðunni verði meiri en áætlunin gerir ráð fyrir. Er yður velkomið að leita eftir nánar upplýsingum þar að lútandi þegar endanlegur kostnaður liggur fyrir.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd Hafnarfjarðarkaupstaðar,
Gizur Bergsteinsson hrl.